

Fundargerð 32. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 10. janúar 2017 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Rafrænn umsóknargrunnur uppbyggingarsjóða
2. Fjárhagur sóknaráætlana 2016
3. Mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023
4. Skýrsla um framvindu byggðaaætlunar 2014-2017
5. Önnur mál
 - a. Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi
 - b. Ályktun frá verkefnisstjórnnum brothættra byggða á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði
 - c. Áhersluverkefni 2017 – erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi
 - d. Næstu fundir

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þór G. Þórarinnson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Benedikt Árnason (FOR), Björn Helgi Barkarson (UAR) og Helga Haraldsdóttir (ANR).

Í upphafi fundar upplýsti formaður að Steinunn Halldórsdóttir hefur látið af störfum sem fulltrúi forsætisráðuneytisins í stýrihópnum og að Benedikt Árnason taki tímabundið sæti í hópnum fyrir forsætisráðuneytið. Fulltrúi landshlutasamtakanna upplýsti að frá og með næsta fundi tekur Páll Snævar Brynjarsson sæti í stýrihópnum sem áheyrnafulltrúi.

Fundargerð 31. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Um fjöllum og afgreiðsla:

1. Rafræn umsóknargrunnur uppbyggingarsjóða

Að frumkvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa samtökin og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál rætt hvort koma mætti upp sameiginlegum rafrænum umsóknargrunni fyrir uppbyggingarsjóði landshlutanna.

Formaður greindi frá því að hún hafi, fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sent tilboðsbeiðni með grófri þarfagreiningu/verklýsingu til fjögurra upplýsingatæknifyrirtækja þann 14. desember sl. þar sem óskað var eftir upplýsingum um verð sem viðkomandi fyrirtæki væru tilbúin að vinna verkið fyrir. Tilboð bárust frá þremur fyrirtækjum og var lægsta tilboðinu tekið, frá fyrirtækinu Prógramm. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir fyrir verkefnið og var samningur milli þess og verktaka undirritaður 28. desember sl. Gert er ráð fyrir að umsóknargrunnurinn verði tilbúinn eigi síðar en 1. júlí 2017.

Stýrihópurinn lýsti yfir mikilli ánægju með þennan áfanga. Verkefnisstjóri mun upplýsa landshlutasamtökin um málið og óska eftir að fá sendar nýjustu útgáfur af umsóknareyðublöðum allra uppbyggingarsjóðanna. Formaður og verkefnisstjóri munu funda með verktaka þann 16. janúar og í kjölfarið verður haft samráð við landshlutasamtökin um útfærsluna.

2. Fjárhagur sóknaráætla 2016

Á síðasta fundi stýrihópsins þann 12. desember sl. var greint frá því að hátt hlutfall fjármuna sóknaráetlanasamninga fyrir árið 2016 lægi enn hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, alls 63%. Jafnframt kom fram að fjármununum hefur í öllum tilfellum verið ráðstafað í hverjum landshluta fyrir sig. Farið var yfir þessi mál með landshlutasamtökunum á fundum með þeim í lok nóvember sl. og þau hvött til að koma fjármunum í vinnu hjá styrkþegum sem mest innan fjárlagaársins.

Formaður upplýsti að staðan nú, þann 12. janúar 2017, hafi batnað til muna og 29% af fjármunum ársins 2016 séu óútgreiddir og 3% af fjármunum ársins 2015. Dreift var upplýsingum um útgreiðslur til hvers landshluta. Þar kemur meðal annars fram að einn landshluti á útistandandi 24% af framlagi sínu fyrir árið 2015 og hjá öðrum landshluta er 100% útistandandi fyrir árið 2016, sami landshluti á 4% útistandandi frá árinu 2015. Sjö landshlutar hafa sótt alla samningsupphæð ársins 2015 og tveir landshlutar, Austurland og höfuðborgarsvæðið, hafa jafnframt nýtt alla samningsupphæð ársins 2016.

Talsverður umræður urðu. Fram kom að það væri afar bagalegt fyrir sóknaráetlanaverkefni í heild sinni að fjármunirnir kæmust ekki fyrir í vinnu úti í landshlutunum, enda mætti af því skilja að fjárförfin væri ekki rík. Rætt var hvort ástæða væri til að endurmeta fjárförfin hjá þeim landshlutasamtökum sem sækja seint sínar fjárveitingar.

3. Mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023

Formaður og verkefnisstjóri greindu frá framgangi vinnu við mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023. Til hafði staðið að skila fullmótuðum drögum til ráðherra þann 9. desember sem reyndist ekki unnt þar sem lögbundnu samráði var ekki lokið, ekki hvað síst hvað ráðuneytin varðar. Frá síðasta fundi stýrihópsins hafa drög að byggðaaætlun verið kynnt starfandi ráðherra og stjórnendum ANR (fundur 20. desember) og fundir haldir með flestum ráðuneytum sem lagt er til að beri ábyrgð á framkvæmd tiltekinna aðgerðatillagna. Á fundum með ráðuneytum kom fram að þau þyrfti meiri tíma til að fara yfir tillögurnar og kostnaðarmeta þær. Á fundunum komu fram gagnlegar ábendingar sem ekki hefur verið unnið að fullu úr. Ráðherra kynnti drög að nýrri byggðaaætlun á ríkisstjórnarfundum 9. janúar.

Rætt var að mikilvægt sé að ferli í nýjum lögum sé fylgt og hlutaðeigandi aðilum gefinn kostur á að tjá afstöðu sína til draganna áður en þau eru fullunnin. Þá var rætt að eitt af verkefnum stýrihópsins væri að fylgja því eftir að fjármögnun aðgerðatillagna byggðaaætlunar samræmist fjármálaáætlun ríkisins.

4. Skýrsla um framvindu byggðaaætlunar 2014-2017

Frestað frá síðasta fundi. Formaður óskaði eftir að fulltrúar stýrihópsins upplýsi um framvindu aðgerða byggðaaætlunar 2014-2017 sem heyra undir þeirra ráðuneyti. Formaður mun senda póst til stýrihópsins og veita frest til 15. febrúar til að senda inn upplýsingar.

5. Önnur mál

a. Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), dags. 3. janúar 2017, lögð fram til kynningar. Þar lýsir stjórnin yfir miklum vonbrigðum með niðurstöðu fjárlaga 2017 sem að óbreyttu mun þýða verulega skerðingu á ákveðinni þjónustu á Austurlandi.

b. Ályktun frá verkefnisstjórnnum brothættra byggða á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði

Ályktun stjórnna verkefnanna Raufarhöfn og framtíðin og Öxarfjörður í sókn vegna samgönguáætlunar / Dettifossvegur, dags. 21. desember 2016, lögð fram til kynningar. Verkefnisstjórnirnar skora á þingmenn að tryggja í fjárlögum fjármögnun Dettifossvegur samkvæmt nýsamþykkttri þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018.

c. Áhersluverkefni 2017 – erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi

Á síðasta fundi stýrihópsins var ákveðið að landhlutasamtök sveitarfélaga skuli senda upplýsingar um áhersluverkefni ársins 2017 fyrir 1. febrúar til staðfestingar stýrihópsins og sendi verkefnisstjóri póst til framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna þess efnis þann 22. desember sl.

Verkefnisstjóri greindi frá tölvupósti frá framkvæmdastjóra Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem barst rétt fyrir fundinn, dags. 10. janúar, þar sem fram kemur að samtökin sjái sér ekki fært að veita endanlegar upplýsingar um áhersluverkefnið fyrr en í lok júní nk. Óskað er eftir að stýrihópurinn taki tillit til framsettra sjónarmiða SASS sem fram koma í póstinum.

Frestað til næsta fundar.

d. Næstu fundir

Ákveðið að festa fundi stýrihópsins fram á sumar við annan þriðjudag í hverjum mánuði, kl. 14.00-15.30. Næstu fundir er þannig áætlaðir 14. febrúar, 14. mars, 11. apríl, 9. maí og 13. júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.